

288. fundur

Miðvikudaginn 30. mars 2022, kl. 10:00 kom verðlagsnefnd búvara saman til fjarfundar. Fundinn sátu: Friðrik Már Baldursson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Kolbrún Stella Indriðadóttir, Ragnar Árnason og Pálmi Vilhjálmsson. Þá sátu Arnar Freyr Einarsson, MAR og Hálfván Óskarsson, áheyrnarfulltrúi, einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús - verðlagning

Á 287. fundi voru lagðar fram tvær útgáfur á framreiknuðum verðlagsgrundvelli kúabús. Með og án reiknaðrar verðhækkunar áburðar, sem jafnan hefur verið tekin inn í grundvöllinn í júní. Verðgögn lágu þegar fyrir við gerð verðlagsgrundvallar marsmánaðar enda var verðkönnun Hagstofu Íslands á áburði flýtt vegna mikilla hækkana og umræðu. Verðhækkun áburðar er reiknuð 87% milli ára. Á fundinum kom fram að stór hluti bænda væri þegar búinn að greiða fyrir áburð á þessum tímamarki. Gjaldaliðir verðlagsgrundvallar án áburðar hækkðu um 2,21% frá desember 2021 til mars 2022. Gjaldaliðir með áburði, hækka um 6,60% á sama tímabili.

Lagt var fram lögfræðilegt álit matvælaráðuneytis, um hvort álag sem greitt var á jarðræktarstuðning og landgreiðslur til að m.a. koma til móts við verðhækkunir áburðar, skuli hafa áhrif á verðlagningu verðlagsnefndar.

Þar segir: „Skv. 4. mgr. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993 skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á verði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til. [...] Í framkvæmd hefur þó helst verið horft til kostnaðar við framreikning verðlagsgrundvallar enda hafa búvörusamningar verið stöðugir auk þess sem tekjur framleiðenda markast helst af verðákvörðunum nefndarinnar. Ekki liggur fyrir hvort sambærilegar greiðslur hafi áður verið greiddar til bænda og hvort tekið hafi verið tillit til þeirra eða ekki við verðákvörðunir en óhád þeirri framkvæmd sem hefur tíðkast þá hefur verðlagsnefnd skyldu til að fara að búvörulögum. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. búvörulaga er skýrt og ber verðlagsnefnd því að fara að ákvæðinu við kostnaðarútreikninga“.

Þá var lögð fram frumgreining ráðuneytisins á fjárhagsáhrifum álagsgreiðslna fyrir þau bú sem framleiða mjólk, þ.m.t. blandaðra búa. Greitt álag til þessara búa nemur um 308 m.kr. eða 48% af álagsgreiðslum í heild.

Umræður. Æskilegt er að ráðuneyti kanni málið enn nánar og leiðbeini verðlagsnefnd þar til verðlagsgrundvöllur verður framreiknaður í maí/júní. Formaður lagði til að verðákvörðun tæki mið af áburðarverðhækkun en þó að frádregnum álagsgreiðslum, svo ráðrúm gæfist til að rannsaka málið frekar og endurskoða ákvörðunina í lok apríl.

Önnur tillaga var lögð fram um að verðákvörðun taki mið að verðlagsgrundvelli með áburðarverðshækkun að fullu en að ákvörðun verði endurskoðuð við næstu verðákvörðun þegar fyllri skoðun liggja fyrir um hvort taka skuli tillit til sérstakra styrkja. Tillagan var samþykkt með meirihluta. Ragnar Árnason sat hjá. Formaður greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Bókun formanns: „Í 4. mgr. 8. gr. búvörulaga segir: "Við kostnaðarútreikninga skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á verði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til". Einnig liggur fyrir álit lögfræðings ráðuneytisins um að þetta ákvæði laganna sé skýrt og beri verðlagsnefnd því að fara að ákvæðinu við kostnaðarútreikninga. Jafnframt liggja fyrir útreikningar ráðuneytisins sem gefa til kynna að hinar sérstöku

álagsgreiðslur til mjólkurbænda nemi um 308 m.kr, en það samsvarar rúmunum 2 krónum á hvern lítra mjólkur að jafnaði á ársgrundvelli. Tillaga um 6,6% hækkun á verði mjólkur til framleiðenda felur í sér að ekkert tillit er tekið til þessara greiðslna, en þeim var beinlínis ætlað að mæta hækkun á verði áburðar. Tillagan gengur því í berhögg við áðurgreint ákvæði búvörulaga og álit lögfræðings ráðuneytisins. Formaður greiðir því atkvæði á móti tillögunni“.

Ragnar Árnason óskaði eftir að bóka eftirfarandi: Ég tel að umrætt ákvæði í lögum sé síður en svo skýrt hvað þetta mál snertir. Ákvæðið virðist gera ráð fyrir beinum greiðslum til tiltekinna afurða. Hér er hins vegar um jarðræktarstyrk að ræða sem tengist ekki neinum sérstökum afurðum. Þá er jarðræktarstyrkur ekki frjálst fé sem unnt er að nota til að greiða kostnað vegna áburðar. Hitt er síðan annað mál að vera kann að hluti af þessum styrk sé tekjuauki fyrir suma kúabændur sem gæti mætt kostnaðarhækkun vegna áburðarkaupa.

Bókun fulltrúa bænda og afurðastöðva: Tillaga var lögð fram að verðákvörðun tæki mið að verðlagsgrundvelli með áburðarverðshækkunum að fullu, en að ákvörðunin verið endurskoðuð við næstu verðákvörðun þegar fyllri skoðun liggur fyrir hvort taka skuli tillit til sérstakra styrkja. Þessi tillaga var samþykkt.

Það liggur fyrir - sé því skipt niður á lítra á framleiddri mjólk á lögbylum skv. staðfestu magnuppjöri síðasta framleiðsluárs - að kúabændur hafi fengið greiddar mjög mismunandi upphæðir pr. lítra mjólkur út úr þeim stuðningi sem veittur var, úr ríkissjóði, vegna fordæmalausra áburðarhækkana.

Bótageiðslur til bænda, vegna áburðarhækkana voru ákvarðaðar og reiknaðar eftir forsendum jarðræktarstyrkja og landgreiðsla. Síðan stendur til að taka greiðsluna til baka á allt öðrum forsendum. Það á að gera með lækkun lítraverðs mjólkur til framleiðenda í gegnum skerðingu á hækkunarþörf við útreikning á lágmarksverði mjólkur til þeirra skv. verðlagsgrundvelli kúabús.

Það að reikna bótageiðslu til kúabænda á jarðræktar- og landgreiðsluforsendum en taka greiðsluna síðan til baka eftir öðrum viðmiðunum skapar mismunun þeirra á milli. Þetta eru aðstæður sem fulltrúar kúabænda og afurðastöðva hafa ekki umboð til að standa að með samþykki sínu.

Miðað við þær greiðslur sem framkvæmdar voru eftir jarðræktar- og landgreiðslum eru dæmi þess að hópur bænda fengi meiri samanlagða tekjuskerðingu m.v. lágmarksverð mjólkur heldur en sem nemur þeirri bótageiðslu sem þeir fengu. Raunin sýnir að bændur fengu greiðslur sem nemur um 0,9-3,2 kr. reiknað á lítra framleiddrar mjólkur. Fyrirhuguð skerðing nemur um 2 kr/ltr. Því er ljóst að hluti kúabænda myndi þurfa að greiða 2 kr til baka á hvern framleiddan lítra fyrir það eitt að fá sem nemur um 1 kr í bótageiðslu og í sumum tilvikum undir 1 kr.

Vísun í tekjuviðmiðun verðlagsgrundvallar við slíka ákvörðunartöku er ekki forsvaranleg aðferð. Ekki er hægt að vísa í tekjuviðmiðun verðlagsgrundvallar eftir hentisemi. Verðlagsgrundvöllur hefur einungis verið notaður sem kostnaðargrunnur til viðmiðunar á hlutfallsbreytingu lágmarksverðs mjólkur. Ríkisstuðningur, sem er hluti tekna kúabænda, hefur tekið miklum lækkunum undangengna áratugi. Í verðlagsgrundvelli kúabús hefur aldrei verið tekið tillit til lækkunar ríkisstuðnings í formi tekjuvöntunar bænda. Verðlagsgrundvöllur kúabús er og hefur einungis verið notaður til mælinga á kostnaðargrunni kúabús.

Verðlagsnefnd hefur ekki áður, svo vitað sé, tekið tillit til þess ákvæðis í lögum sem vísað er til við verðlagsákvæðanir sínar t.d. þegar beingreiðslur lækka á milli ára.

Herdís Magna Gunnarsdóttir
Hermann Ingi Gunnarsson
Elín Margrét Stefánsdóttir
Pálmi Vilhjálmsson

2. Iðnaðarlíkan - verðlagning

Lagt var fram reiknilíkan verðlagsnefndar til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur og mjólkurvara. Líkanið byggir á rauntölum úr endurskoðuðum ársreikningi Mjólkursamsölunnar 2021 og rekstraruppgjöri. Heildsöluverði á mjólk og mjólkurafurðum var síðast breytt í 1. desember 2021, byggt á verðlagi í október sama ár. Frá október 2021 til mars 2022 er reiknuð kostnaðarhækkun 2,14% vegna vinnslu og dreifingar mjólkur. Með tilliti til 6,60% hækkunar afurðaverðs, nemur reiknuð hækkunarþörfin samkvæmt líkaninu samtals 4,47% hækkun á heildsöluverði. Þá var lagt fram og farið yfir ítarefni um einstaka liði til grundvallar útreikningi iðnaðarlíkans.

Tillaga var borin upp um að hækka heildsöluverð mjólkurvara um sem nemur hækkunarkröfu líkansins eða 4,47%. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Formaður sat hjá með vísan til þess að reiknuð hækkunarkrafa byggir m.a. á forsendu um 6,6% hækkun á lágmarksverði mjólkur til framleiðenda, en formaður greiddi atkvæði á móti þeirri tillögu eins og fyrr kemur fram í fundargerð.

Verðlagning – samantekt

Lágmarksverð 1. fl. mjólkur til bænda hækkar þann 1. apríl nk. úr 104,96 kr./ltr í 111,89 kr./ltr. Hækkun nemur 6,93 kr./ltr eða 6,6% og er byggð á hækkun gjaldaliða í verðlagsgrundvelli kúabús frá desember 2021 til mars 2022, með reiknaðri áburðarverðhækkun. Endurskoðað í maí/júní.

Heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara hækkar þann 4. apríl nk. um 4,47% en ógerilsneydd mjólk í lausu máli hækkar um 6,08%, en þar vegur hráefniskostnaður þyngra en í öðrum mjólkurvörum. Verðhækkun byggir á samþykkttri hækkun hráefniskostnaðar og reiknaðri hækkunarkröfu iðnaðarlíkans frá október 2021 til mars 2022.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 26. maí nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:10.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson